

Nr. 24.
9.
júli.

Lög

um

samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á eða fær óskir um það frá einni sveitarstjórn eða fleirum innan sýslu að gera samþykt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþyktnin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við höndina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþyktar, er áður hefir verið samþykt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþyktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, og sýslunefnd felst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það svo sem fyr segir.

Frumvarp til samþyktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþyktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

Nr. 24.
9.
Juli.

Vedtægter angaaende Kornforraadshuse til Kreaturfoder.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Sysselforstanderskaberne bemyndiges til for en eller flere Repper at affatte Vedtægter angaaende Kornforraadshuse til Kreaturfoder.

§ 2.

Naar et Sysselforstanderskab finder det nødvendigt, eller der fra et eller flere af Sysselets Repsforstanderskaber fremsættes Ønske om Oprettelse af en for Sysselet eller en Del af samme gældende Vedtægt, har det med tilstrækkeligt Varsel at indkalde et Møde i det Distrikt, for hvilket Vedtægten paatænkes at skulle gælde. Stemmeret paa dette Møde have alle, som have Bopæl i Distriktet samt Valgret til Altinget. Sysselforstanderskabet bestemmer Mødestedet, medens dets Formand, eller den, som Sysselforstanderskabet dertil har valgt, bestemmer Dagen for Mødet og leder Forhandlingerne. Han skal paase Valglisternes Tilstedeværelse paa Mødet.

§ 3.

Paa det i § 2 omhandlede Møde fremsætter Formanden et i Forvejen af Sysselforstanderskabet godkendt Forslag til Vedtægt. Naar Forsamlingen vedtager Forslaget uforandret med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, har Sysselmanden at indsende det til Ministeriet til Stadfæstelse og Autorisation. Paa samme Maade forholdes med Forslaget, selv om Forsamlingen deri foretager Forandringer, hvis de ere blevne vedtagne med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer og Sysselforstanderskabet godkender dem. Opnaar de af Forsamlingen vedtagne Ændringsforslag ikke Sysselforstanderskabets Godkendelse, bliver et nyt Møde at indkalde. Vedtages da Forslaget uforandret af Forsamlingen med $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, forholdes der med det paa den ovenfor angivne Maade.

Et Forslag til Vedtægt, der paa det til Forslagets Vedtagelse indvarslede Møde ikke har opnaaet $\frac{2}{3}$ af de afgivne Stemmer, betragtes som bortfaldet og kan ikke paanygnoptages af Sysselforstanderskabet førend paa dets næste ordinære Møde.

Nr. 24.
9.
júli.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skal ávalt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skulu þar vera ákvæði um eftirlit það, er þarf til þess, að samþykktarinnar sje gætt, og hvernig kostnað við forðabúrið skuli greiða.

6. gr.

Árlega skal stjórn forðabúrsins senda sýslunefnd fyrir aðalfund skýrslu um útlán forðabúrsins og ársreikning þess.

7. gr.

Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lög-taki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

8. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir 2—20 kr., er renna til kornforðabúrsins.

9. gr.

Með brot gegn samþykktum skal fara sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 9. júlí 1909.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

§ 4.

Bliver en paa den foreskrevne Maade affattet Vedtægt indsendt til Ministeriet til Stadfæstelse og finder dette Vedtægten stridende mod Lovenes Grundsætninger eller Enkeltmands Ret, tilbagesendes den med Tilkendegivelse af Grundene for Ministeriets Afslag. I modsat Fald stadfæster Ministeriet Vedtægten, foranstalter den bekendtgjort samt bestemmer, hvornaar den skal træde i Kraft, fra hvilket Tidspunkt den da er bindende for alle Indbyggere i vedkommende Distrikt. Til Forandring af en af Ministeriet stadfæstet Vedtægt udkræves det samme som til Oprettelse af en Vedtægt.

§ 5.

Enhver Vedtægt skal indeholde Forskrifter angaaende Kornforraadshusets Bestyrelse. Ligeledes skal den indeholde Bestemmelser angaaende Tilskud til samme, Udlaan af Korn, dets Tilbagebetaling, Kornforraadets Fornyelse samt Forraadshusets Vedligeholdelse. Vedtægten skal endvidere indeholde Forskrifter angaaende det til dens Overholdelse nødvendige Tilsyn samt Afholdelsen af Omkostningerne ved Kornforraadshuset.

§ 6.

Kornforraadshusets Bestyrelse skal aarlig forinden Afholdelsen af det ordinære Møde indsende til Sysselforstanderskabet Beretning om Kornforraadshusets Udlaan samt dets Aarsregnskab.

§ 7.

Alle Bidrag til Kornforraadshuset samt dets udestaaende Fordringer kunne inddrives ved Udpantning i Henhold til Lov af 16. Decbr. 1885.

§ 8.

For Overtrædelser af en stadfæstet Vedtægt kan der fastsættes Bøder af 2—20 Kr., der tilfalder Kornforraadshuset.

§ 9.

Sager i Anledning af Overtrædelse af Vedtægterne behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 9. Juli 1909.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.

Islands Ministerium, den 9. Juli 1909.

Björn Jonsson.

Jon Krabbe,
kst.